

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, fimmtudaginn 6. mars kl. 12:00 var haldinn 83. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Gunnar Sigurðsson, Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Hólm Hjálmarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir. Ennfremur sátu fundinn forstjóri, framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2007 og samstæðureikningi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2007. Ennfremur drög að endurskoðunarskýrslu 2007. Auðunn Guðjónsson og Hlynur Sigurðsson frá KPMG, endurskoðendum Orkuveitu Reykjavíkur, gerðu grein fyrir drögnum.

Afgreiðslu og undirritun frestað.

2. Lagt fram bréf sviðsstjóra fjár- og áhættustýringarsviðs dags. 3. þ.m. um heimild til lántöku hjá Dexia Crédit Local að andvirði 100 milljónir evra (um 10,5 milljarðar ÍSK) á þeim kjörum er í erindinu greinir. Lántakan er ætluð til fjármögnunar fjárfestinga samkvæmt fjárhagsáætlun.

Samþykkt.

Jafnframt samþykkt umboð til forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fjármála og/eða sviðsstjóra lántöku og áhættudreifingar til undirritunar lánasamninga ásamt öllum nauðsynlegum skjölum sem tilheyra lánasamningum.

3. Lagt fram andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins dags. 25. febrúar s.l. um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Ennfremur minnisblað Andra Árnasonar hrl., og Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., dags. 3. þ.m. um málið. Andri Árnason hrl. kom á fundinn.

Forstjóra falið að gera bæjarstjóra Hafnarfjarðar grein fyrir afstöðu Orkuveitu Reykjavíkur.

4. Stefnumótun.

Umræður.

5. Lögð fram tillaga dags. 4. þ.m. um áherslur í ráðstöfun styrkjafjár árið 2008. Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

6. Kosning í afmælisnefnd vegna 100 ára afmælis Vatnsveitu Reykjavíkur árið 2009 og 10 ára afmælis Orkuveitu Reykjavíkur.

Lögð fram tillaga um Guðrúnu Zoëga, sem formann, Jónu Gróu Sigurðardóttur, Halldóru Baldursdóttur og Alfreð Þorsteinsson. Forstjóri greindi frá að fyrirhugað sé að Hólmsteinn Sigurðsson og Guðjón Magnússon starfi með nefndinni.

Samþykkt.

Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar leggja til að fjárframlag vegna afmælisins verði ákvarðað af stjórn Orkuveitunnar. Til viðmiðunar er rétt að hafa í huga að framlag borgarsjóðs Reykjavíkurborgar vegna 100 ára afmælis kvenna í borgarstjórn var kr. 1.500.000,-.

7. Önnur mál.

- a. Lagt til að Þorleifur Gunnlaugsson taki sæti Friðriks Dags Arnarsonar í stjórn útivistarsvæða.

Samþykkt.

- b. Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að kanna möguleika á upphitun biðskýla á fjölförnum biðstöðvum strætisvagna í Reykjavík og á Akranesi. Forstjóra er falið að vinna að málinu í samstarfi við umhverfis- og samgöngusvið borgarinnar, Strætó bs. og eftir atvikum önnur sveitarfélög.

Samþykkt.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:48.

Kjartan Magnússon,
Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Hólm Hjálmarsson, Gunnar Sigurðsson,
Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir.